

Fyrirspurn fulltrúa Samfylkingarinnar, Aðgengismál strætóstoppistöðva í Reykjavík (US200077).

Á fundi skipulags- og samgönguráðs, 1. apríl 2020, var lögð fram fyrirspurn frá fulltrúa Samfylkingarinnar og er svohljóðandi:

1. Eru allar stoppistöðvar aðgengilegar fyrir alla (t.d. fólk í hjólastólum, barnavagna o.s.f.) og er aðkoma að stoppistöðvum ásættanleg?
2. Eru til landupplýsingagögn (GIS) þar sem búið er að taka saman hvaða stoppistöðvar eru aðgengilegar og hverjar ekki?
3. Er til aðgerðaráætlun sem miðar að því að laga aðgengi við stoppustöðvar?
4. Hvaða kröfur voru gerðar varðandi aðgengi í nýju skýlunum?